AUGLÝSING

um að viðskiptasamningur milli Íslands og Bandaríkjanna frá 27. ágúst 1943 falli úr gildi.

Hinn 11. maí 1970 afhenti sendiherra Íslands í Washington tilkynningu til ríkisstjórnar Bandaríkjanna um að viðskiptasamningur milli Íslands og Bandaríkjanna frá 27. ágúst 1943 falli úr gildi samkvæmt 18. gr. samningsins. Fellur samningurinn því úr gildi hinn 10. nóvember 1970.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. maí 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 10. 29. maí 1970.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Kóreu.

Með erindaskiptum milli utanríkisráðuneytisins og sendiráðs Kóreu í Stokkhólmi 3. og 19. marz 1970 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Kóreu um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn.

Samkomulagið gekk í gildi 1. apríl 1970.

Erindaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík 29. maí 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

Ministry for Foreign Affairs,
Reykjavík.

March 3, 1970.

The Ministry for Foreign Affairs presents its compliments to the Embassy of the Republic of Korea and has the honour to propose that an Agreement for the reciprocal abolition of visa requirements between Iceland and Korea be concluded in the following terms:

1. Icelandic citizens holding valid Icelandic passports shall be free to enter the Republic of Korea at any authorized place for a stay not exceeding sixty consecutive days, without being required to obtain a visa. Any sojourn in the Republic of Korea during the six months preceding the entry into the Republic of Korea shall be included in the above period of sixty days.